

um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Eftir 3. umr. í Ed., 8. maí.)

Samhljóða þskj. 558 með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:

Við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Fiskifélag Íslands.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Félag íslenskra fiskimjòlsframleiðenda.

Samband ísl. samvinnufélaga.

Síldarútvegsnefnd.

Samlag skreiðarframleiðenda.

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.

Félag fiskniðursjóðenda.

Sjómannasamband Íslands.

Alþýðusamband Íslands.

Stéttarsamband fiskiðnaðarins.

Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni. Nefndin kys sér formann. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

Sjavarútvegsráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarinnar skuli hagað.

29. gr. hljóðar svo:

Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera þrjú menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Búnaðarfélag Íslands og einn tilnefndur af tilraunaráði stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

33. gr. hljóðar svo:

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í ráðið til fjögurra ára í senn:

Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 1.—5. tölul. 35. gr., tvo menn og sé annar þeirra starfandi tilraunastjóri á tilraunastöð í jarðrækt. Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 6.—9. tölul. 35. gr., tvo menn.

Búnaðarfélag Íslands tvo menn, og sé annar þeirra ráðunautur í jarðrækt, en hinn í búfjárrækt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann.

Stéttarsamband bænda tvo menn.

Bændaskólarnir tvo menn.

Garðyrkjuskóli ríkisins einn mann.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í tilraunaráði.

Ráðið kys sér formann.

Tilraunaráðið er tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðið er ólaunað.

Landbúnaðarráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í tilraunaráði og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

54. gr. hljóðar svo:

Forstjórar rannsóknastofnana, sérfræðingar og annað starfsfólk tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum og skipar deildarstjóra að fengnu áliti forstjóra og stjórnar viðkomandi stofnunar.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraþrófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreini sinni. Þó skal ráðherra heimilt að víkja frá þessu ákvæði, hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.